



Fundargerð

327. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 9. ágúst 2011, kl. 15:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 326. fundur hreppsnefndar 6. júní 2011.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 8. ágúst 2011.

Farið yfir fundargerð.

Liður 1 – mál 1106002 samþykkt.

Liður 2 – mál 1108006 samþykkt.

Liður 3 - mál 1108007 samþykkt.

Liður 4 – mál 1108009 samþykkt.

Liður 5 – mál 1107018 samþykkt.

Liður 6 – mál 1107025 samþykkt.

Fundargerðin samþykkt

3. Mennta- og menningarmálanefnd 8. ágúst 2011.

Farið yfir fundargerð. Sveitarstjóra falið að koma á fundum vegna viðhalds fasteigna og verkefna áhaldahúss. Fundargerð samþykkt

4. Fundargerð stjórnar embættis byggingafulltrúa 6. júlí 2011.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt.

5. 4. og 5. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps 6. júní og 28. júní 2011. Stöðufundur vegna Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps 22. júní 2011.

Fundargerðir lagðar fram og samþykktar, fundargerð stöðufundar lögð fram.

Mál til afgreiðslu:

1. 1105072 - Hólatröð 3.

Erindi sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kynnti hreppsnefnd álit lögfræðinga vegna Hólatraðar 3, einnig lagði hann fram tölvupóst fyrirvarsmanna seljanda Hólatraðar 3 dagsettan 9. ágúst 2011. Eiríkur Kristjánsson lagði fram eftirfarandi tillögu” Lagt er til að lögfræðingur á vegum hreppsins verði fengi til að ganga frá samningi við forsvarsmenn þriggja ehf. um skuld þá sem eftir stendur, eftir kaupin á Hólatröð”. Tillagan leidd til atkvæðagreiðslu tillagan samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur.

2. 1108005 - Rekstur Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar árið 2012.

Erindi sveitarstjóra.

Reykhólahreppur lýsir yfir áhyggjum af afkomu Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar á næsta fjárhagsári. Áætlaður var niðurskurður á fjárheimildum til heimilisins á þessu ári. Með sérstökum verkefnum ríkisstjórnar á Vestfjörðum sem samþykkt voru á ríkisstjórnarfundum á Ísafirði 5. apríl s.l. var aukin heimild til heimilisins sem nam áætluðum niðurskurði. Framundan er vinna við gerð fjárlaga ríkisins fyrir árið 2012. Sveitarstjórn vonast til þess að ríkisstjórn Íslands haldi áfram að líta til sérstöðu Vestfjarða, að verkefnum ríkisstjórnar sé ekki lokið með samþykktum þann 5. apríl s.l. Nauðsynlegt sé að hjúkrunarrýmum verði ekki fækkað. Samþykkt samhljóða.

3. 1107020 - Trúnaðarmál félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Trúnaðarmál ritað í trúnaðarbók. Erindið samþykkt samhljóða

4. 1108011 – Starfsmannamál.

Erindi frá skrifstofustjóra og sveitarstjóra.

Tillaga skrifstofustjóra um starfsdag starfsmanna Reykhólahrepps, samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum.

Erindi sveitarstjóra um starf ferðamálafulltrúa, framlengingu á ráðningu ferðamálafulltrúa í 50% starfshlutfall út október. Samþykkt samhljóða.

5. 1107030 - Fundur um Vestfjarðarveg, 11. ágúst 2011.

Fundarboð innaríkisráðherra og dagskrárdrög send 26. júlí 2011.

Oddviti og Gústaf Jökull Ólafsson mæta á fundinn fyrir hönd Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

6. 1108012 - Samningur um Kötluland.

Erindi frá Reyni Þór Valgarðssyni endurskoðanda dagsett 4. ágúst 2011.

Sveitarstjórn samþykkir fund með aðilum. Sveitarstjóra falið að koma á fundi. Samþykkt samhljóða.

7. 1108013 - Umhverfisvottun Vestfjarða, Earth Check.

Ósk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir samþykki sveitarstjórnar að hefja forvinnu við verkefnið, erindi dagsett 12. júlí 2011.

Samþykkt samhljóða að hafist verði handa við verkefnið.

8. 1108014 - 56. Fjórðungssþing Vestfirðinga 2. og 3. september, haldið í Bolungarvík.

Fundarboð frá framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 14. júlí 2011.

Sveitarstjórn mætir á fundinn ásamt sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða.

- 9. 1108004 - Boðun á aðalfund Menningarráðs Vestfjarða 2. september 2011.**
Erindi frá menningarfulltrúa Vestfjarða dagsett 2. ágúst 2011.

Ásta Sjöfn Kristjánssdóttir fer með umboð Reykhólahrepps á aðalfundi Menningarráðs Vestfjarða þann 2. september n.k., Andrea Björnsdóttir til vara. Samþykkt samhljóða.

- 10. 1108015 - Skipulag og framkvæmd almenningssamgangna á Vestfjörðum.**
Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 4. ágúst 2011.

Afstaða Reykhólahrepps til þess að skipulag og framkvæmd almenningssamgangna verði í höndum Fjórðungssambands Vestfirðinga er jákvæð. Samþykkt samhljóða.

- 11. 1108016 - Staðardagskrá 21, áframhaldandi vinna að staðaráætlun.**
Erindi frá formanni umhverfis- og náttúruverndarnefndar dagsett 5. ágúst 2011.

Lagt er til að áfram verði unnið með Staðardagskrá fyrir Reykhólahrepp og settur verði á laggirnar þriggja manna hópur um Staðardagskrá. Fulltrúar komi úr sveitarstjórn, umhverfis- og náttúruverndarnefnd og skipulags- og bygginganefnd. . Samþykkt samhljóða. Lögð fram tillaga að Ásta Kristjánssdóttir verði fulltrúi sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

- 12. 1107023 - Leiðbeinendanámskeið Vistverndar í verki 18. - 20. ágúst 2011.**
Ósk formanns umhverfis- og náttúruverndarnefndar um þátttöku.

Sveitarstjórn samþykkir að senda tvo aðila á leiðbeinendanámskeið Vistverndar í verki. Samþykkt samhljóða.

- 13. 1108017 - Rekstrarleyfi, Bryggjubúðin slf.**
Umsagnarbeiðni frá sýslumanni dagsett 22. júlí 2010.

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu rekstrarleyfis til Bryggjubúðarinnar slf. Samþykkt samhljóða.

- 14. 1108018 - Ósk um umsögn á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, 827. mál.**
Erindi frá nefndarsviði Alþingis dagsett 20. júní 2011.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

- 15. 1108019 - Ósk um umsögn á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, 839. mál.**
Erindi frá nefndarsviði Alþingis dagsett 20. júní 2011.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

- 16. 1108020 - Vátryggingar sveitarfélagsins.**
Erindi frá Sjóvá dagsett 6. júní 2011.

Erindið lagt fram. Vátryggingar sveitarfélagsins eru stöðugt í skoðun. Sveitarstjóra falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

- 17. 1108021 Rekstur mótuneyta í Reykhólahreppi.**
Skýrsla starfshóps um starfssemi mótuneyta í Reykhólahreppi.

Skýrsla lögð fram. Sveitarstjórn og forstöðumenn stofnanana sem í hlut eiga hafa tekið ákvörðun um að sameina mótuneytin í rekstri sveitarfélagsins og freista þess að

ná þannig fram hagræðingu á rekstrinum. Störf í hinu sameiginlega mötuneytis hafa nú þegar verið auglýst.

18. 1011035 – Stjórnsýslukæra vegna Grænagarðsbrunnar.

Úrskurður Innanríkisráðuneytis þann 29. júlí 2011.

Úrskurður lagður fram, kærinni hefur verið vísað frá.

19. 1107029 - Rekstrarleyfi Stekkjalundar í Reykhólaskóla.

Sveitarstjóri hefur afgreitt umsögn um rekstrarleyfið með samþykki hreppsnefndar.

20. 1104007 - Samningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál 2011 – 2013.

Undirritaður samningur.

Samningur lagður fram.

21. 1106014 - Öryggi á sundstöðum.

Erindi sveitarstjóra til Umhverfisstofnunar varðandi undanþágu frá ákvæðum í reglugerð nr 814/2010 um hollustuhætti á sund og baðstöðum og svar ráðuneytisins dagsett 14. júlí 2011.

Erindi og svarbréf lagt fram.

22. 1107009 - Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2011.

Erindi frá umhverfisstofnunar dagsett 3. júní 2011.

Erindið lagt fram og því vísað til ferðamálafulltrúa til kynningar.

23. 1108022 - Beint lýðræði og aukin þátttaka íbúa, ráðstefna 14. september 2011.

Kynnt.

24. 1107005 - VII. Umhverfisþing 14. október 2011.

Erindi frá umhverfisstofnunar dagsett 30. júní 2011.

Kynnt og vísað til umhverfis og náttúruverndarnefndar til kynningar.

25. 1107021 - Styrktarsjóður EBÍ og fulltrúafundur EBÍ.

Erindi frá framkvæmdastjóra EBÍ dagsett 4. júlí 2011.

Kynnt.

26. 1108001 - 2. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2012.

Auglýsing eftir umsóknum um framkvæmd mótsins, erindi frá UMFÍ dagsett 27. júlí 2011.

Kynnt.

27. 1108023 – 788. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

28. 1108024 – 339. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands

Kynnt.

29. Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. júní og 28. júní 2011 og minnisblað um vegna samráðsfundar um stöðu verkefna, tillagna ríkisstjórnar 25. júní 2011.

Kynnt.

30. Fundargerð ársfundar Starfsendurhæfingu Vestfjarða 29. apríl 2011, árskýrsla og ársreikingur 2010.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.50

_____	_____
_____	_____
_____	_____